PRENTÞJÓNUSTA
TUNNAN
tunnan@tunnan.is
Sími: 467 - 1288

11. tbl. 34. árg. 23. - 29. mars. 2022

S: 878-3399
Skíðasvæðið Skarðsdal
SIGLUFIRÐI




**Stebba og Eyfa** þarf vart að kynna fyrir landsmönnum en þeir hafa um árabil verið í framvarðarsveit íslenskra dægurlagaflytjenda og höfunda. Þeir stíga á stokk á Kaffi Rauðku og flytja úrval af lögum sem þeir hafa sungið, jafnt saman sem í sitthvoru lagi. Má þar t.d. nefna: **DRAUMUR UM NÍNU, GÓÐA FERÐ, ÁLFHEIÐUR BJÖRK, UNDIR ÞÍNUM ÁHRIFUM, ÞÍN INNSTA ÞRÁ, ÉG LIFI Í DRAUMI, DANSKA LAGIÐ, ÞÚ FULLKOMNAR MIG, LÍF, DAGAR** o.m.fl.

Þeim til halds og trausts verður hinn frábæri píanóleikari Þórir Úlfarsson eða „Thor Wolf". Fjölmargir heppnir tónleikagestir fá gefins ljúffeng GÓU páskaegg frá þeim félögum, en dregið verður úr seldum aðgöngumiðum á tónleikunum.

**Forsala aðgöngumiða er á Sigló Hóteli – Miðaverð: kr. 4.900**

# Atvinna
## hjá Primex ehf.

Óskum eftir starfsfólki í verksmiðju okkar á Siglufirði.
Um er að ræða almenn verskmiðjustörf.

Primex er vaxandi líftæknifyrirtæki sem framleiðir náttúrlegt kítósan á sjálfbæran hátt.

**Upplýsingar:**


Sigurgeir
s. 863-7226
sigurgeir@primex.is

Rúnar Marteinsson
s. 893-1872


# *Siglufjarðarkirkja*



**Á sunnudag, 27. mars, kl. 17.00, verður ástarlagamessa í Siglufjarðarkirkju.**

Ræðumaður verður Kristín Tómasdóttir, rithöfundur og fjölskyldumeðferðarfræðingur, en hún er siglfirskrar ættar og hefur óbilandi áhuga á öllu sem viðkemur ástinni.

Um tónlistina sjá ... jú, Ástarpungarnir. Að sjálfsögðu.

Þetta verður notalegt.

Sjáumst. Sigurður Ægisson



# Það veltur margt á íslenskum sjávarútvegi

## Opnir fundir víða um land

Íslenskur sjávarútvegur snýst um svo miklu meira en veiðar, vinnslu og sölu á afurðum. Á undanförnum árum hefur fjölbreytt starfsemi í tengdum og ótengdum greinum vaxið mikið. Við viljum heyra í sem flestum og ræða málefni sjávarútvegs á breiðum grunni. Allir velkomnir.

### Siglufjörður, 28. mars — kl. 12:00–13:00

Sigló Hótel, léttur hádegisverður

Fyrirlesarar



**Heiðrún Lind Marteinsdóttir**
*framkvæmdastjóri SFS*



**Hildur Hauksdóttir**
*sérfræðingur í umhverfismálum*



**Reynir Eiríksson**
*Vélfagi*

### Sauðárkrókur, 28. mars — kl. 16:00–17:00

Sauðá, kaffiveitingar

Fyrirlesarar



**Heiðrún Lind Marteinsdóttir**
*framkvæmdastjóri SFS*



**Hildur Hauksdóttir**
*sérfræðingur í umhverfismálum*



**Sigfús Ingi Sigfússon**
*sveitarstjóri*

### Dalvík, 29. mars — kl. 8:30–9:30

Menningarhúsið Berg, léttur morgunverður

Fyrirlesarar



**Heiðrún Lind Marteinsdóttir**
*framkvæmdastjóri SFS*



**Hildur Hauksdóttir**
*sérfræðingur í umhverfismálum*



**Sigríður Vigfúsdóttir**
*framkvæmdastjóri Primex*

### Akureyri, 29. mars — kl. 16:00–17:00

Hótel Kea, kaffiveitingar

Fyrirlesarar



**Heiðrún Lind Marteinsdóttir**
*framkvæmdastjóri SFS*



**Hildur Hauksdóttir**
*sérfræðingur í umhverfismálum*



**Hreiðar Þór Valtýsson**
*dósent við Háskólann á Akureyri*

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

Fjallabyggð



# Framboðsfrestur til sveitarstjórnarkosninga 2022

## Sveitarstjórnakosningar verða laugardaginn 14. maí 2022

Framboðsfrestur til sveitarstjórnarkosninga 2022 rennur út kl. 12 á hádegi 8. apríl nk.

Yfirkjörstjórn Fjallabyggðar mun veita framboðslistum og meðmælendalistum vegna þeirra móttöku föstudaginn 8. apríl 2022 frá kl. 11:00 til kl. 12:00 í Ráðhúsinu á Siglufirði, 2. hæð.

Framboðslistum skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru sem og skrifleg yfirlýsing frá kjósendum í Fjallabyggð um stuðning við framboðið. Meðmælendur hvers lista skulu vera að lágmarki 20 en að hámarki 40.

Nafn framboðs skal koma skýrt fram og ósk um úthlutun listabókstafs, auk þess sem hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing um hverjir tveir menn séu umboðsmenn hans.

Yfirkjörstjórn mun funda um gildi framboða sunnudaginn 10. apríl kl. 13:00 í Ráðhúsinu á Siglufirði og er umboðsmönnum framboða heimilt að vera viðstaddir þann fund.

Á kjördag verður aðsetur yfirkjörstjórnar í Ráðhúsinu á Siglufirði.

Umboðsmönnum framboða er bent á vefinn kosning.is þar sem er að finna ítarlegar upplýsingar um framboð o.fl.



Siglufirði, 22. mars 2022

Yfirkjörstjórn Fjallabyggðar